

Staðfesting á skráningu fyrir
bifreiða- og vélaverkstæði
framleiðslu á áfengi, gosdrykkjum og vatni
starfsemi sem notar kælikerfi sem inniheldur
flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða
ósoneyðandi efni sem og þjónustu við þau

Heimilisfang
Stuðlaháls 1, 110 Reykjavík


Rekstraraðili
Coca-Cola Europacific Partners Ísland ehf.
4701691419

ber að fylgja starfsskilyrðum sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 830/2022 um skráningarskyldan
atvinnurekstur sbr. 8. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
hefur eftirlit með starfseminni



Númer umsóknar 494598



2Q5ZNFNPHGV

Starfsskilyrði fyrir starfsemi þar sem notað er kælikerfi sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða ósoneyðandi efni sem og þjónusta við þau kerfi

Samræmd starfsskilyrði vegna mengunarvarna, skv. 5 gr. reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum.

Rekstraraðila ber ávallt að uppfylla skilyrði þessi og almenn skilyrði. Einnig skal tryggja að starfsemi hans sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settar samkvæmt þeim.

1. FLÚORAÐAR GRÓÐURHÚSALOFTTTEGUNDIR (F-GÖS)

	Rgl.nr.
1.1 Flytji rekstraraðili inn HFC-efni skal hann hafa innflutningsheimildir frá Umhverfisstofnun.	9. gr. reglugerðar nr. 1066/2019.
1.2 Rekstraraðili skal aðeins afhenda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir þeim aðilum sem hlotið hafa vottun skv. 7. gr. reglugerðar nr. 1066/2019 eða starfi fyrir fyrirtæki sem hefur vottun skv. 8. gr. sömu reglugerðar.	5. gr. reglugerðar nr. 1066/2019.
1.3 Merkingar skulu vera til staðar á vörum og/eða búnaði rekstraraðila sem inniheldur F-gös.	6. gr. reglugerðar nr. 1066/2019 og 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014.
1.4 Óheimilt er að nota flúoraðar gróðurhúsalofttegundir með hnatthlúnunarmátt upp á 2500 eða meira til að þjónusta eða viðhalda kælibúnaði með áfyllingarstærð upp á 40 tonn af jafngildiseiningum koltvísýrings eða meira. Bannið gengur ekki í gildi fyrr en 1. janúar 2030 fyrir endurunnar og endurnýttar flúoraðar gróðurhúsalofttegundir sem notaðar eru til að viðhalda eða þjónusta kælibúnað sem er þegar í notkun, að uppfylltum skilyrðum reglugerðarinnar.	13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014, sbr. reglugerð nr. 1066/2019.

<p>1.5 Tryggja skal að starfsfólk og fyrirtæki sem þjónustar búnað sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir hafi til þess gilda vottun.</p>	<p>7. og 8. gr. reglugerðar nr. 1066/2019.</p>
<p>1.6 Rekstraraðili skal tryggja að kerfið sé lekaleitað innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014, sbr. reglugerð nr. 1066/2019.</p>	<p>4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014, sbr. reglugerð nr. 1066/2019.</p>
<p>1.7 Rekstraraðila kælikerfis ber að hindra leka flúoraðra gróðurhúsalofttegunda. Verði vart um leka skal viðgerð fara fram án tafar. Ef gert er við búnaðinn vegna leka skal lekaprófa hann aftur innan mánaðar til að tryggja að viðgerðin hafi heppnast.</p>	<p>41. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014, sbr. reglugerð nr. 1066/2019</p>
<p>1.8 Lekagreiningarkerfi skal vera til staðar á kerfum sem innihalda 500 tonn jafngildiseininga koltvísýrings eða meira af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum. Rekstraraðili skal sjá til þess að lekagreiningarkerfið sé skoðað með minnst 12 mánaða millibili til að tryggja að það virki sem skyldi.</p>	<p>5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014, sbr. reglugerð nr. 1066/2019</p>
<p>1.9 Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Rekstraraðili skal skrá upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:</p> <ol style="list-style-type: none"> a. magn og tegund flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem eru settar upp, b. magn flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem er bætt við í uppsetningu, við viðhald eða þjónustu eða vegna leka, c. hvort magn uppsettra flúoraðra gróðurhúsalofttegunda hefur verið endurrunnið eða endurnýtt, ásamt heiti og heimilisfangi endurvinnslu- eða endurheimtarstöðvarinnar og, þegar við á, númer starfsleyfisskírteinis þess, d. magn flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem er endurheimt, e. kennitölu fyrirtækisins sem setti upp, þjónustaði, hélt við og, ef við á, gerði við eða úrelti búnaðinn, þ.m.t. ef við á, númer starfsleyfisskírteinis þess, f. dagsetningar prófana sem voru gerðar skv. 1. til 3. mgr. 4. gr. og niðurstöður þeirra, g. ef búnaðurinn var úreltur: hvaða ráðstafanir voru gerðar til að endurheimta og farga flúoruðu gróðurhúsalofttegundunum. 	<p>6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014, sbr. reglugerð nr. 1066/2019</p>

1.10 Fyrirtæki sem afhenda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir skulu koma sér upp skráum með viðeigandi upplýsingum um kaupendur flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem m.a. innihalda eftirfarandi upplýsingar: a. skírteinisnúmer kaupendanna og b. keypt magn af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum	6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014, sbr. reglugerð nr. 1066/2019
1.11 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal áætlun vegna rekstrarstöðvunar vera til staðar til þess að kælimiðillinn sé endurheimtur af aðila sem hefur til þess vottun og honum komið í viðeigandi farveg til endurvinnslu eða förgunar.	

Starfsskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerð nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir.

Starfsskilyrði fyrir matvælaíðnað

Samræmd starfsskilyrði vegna mengunarvarna, skv. 5 gr. reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum.

Rekstraraðila ber ávallt að uppfylla skilyrði þessi og almenn skilyrði. Einnig skal tryggja að starfsemi hans sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settar samkvæmt þeim.

1. MENGUNARVARNIR

Rgl.nr.

1.1	Beita skal góðum starfsháttum til að fyrirbyggja mengun vatns og sjávar.	796/1999 12. gr.
1.2	Rekstraraðila er skylt að sjá um að á öllu athafnasvæðinu sé gætt fyllsta hreinlætis. Vélar og tæki, hráefni, úrgangur og annað það er starfseminni tilheyrir og er vistað í húsnaði eða á lóð rekstraraðila skal þannig frá gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir nággranna. Allt hráefni skal geymt í lokuðum geymslum. Athafnasvæði rekstraraðila skal lagt bundnu slitlagi og geymslusvæðið girt af eftir þörfum. Geymsla á óhreinum umbúðum utandyra er óheimil.	737/2003 16. og 18. gr.
1.3	Fráveita skal vera í samræmi við kröfur reglugerðar um fráveitur og skólþ. Um fyrirkomulag og staðsetningu hreinsivirkja frárennslis skal fara samkvæmt fyrirmælum bygginganefndar og heilbrigðiseftirlits. Á fráveitu fyrirtækisins skal vera viðeigandi mengunarvarnarbúnaður, s.s. síur, ristar, olúskilja, sandskilja o.þ.h. í samræmi við eðli og umfang starfseminnar.	798/1999
1.4	Íðnaðarskólþ sem losað er í fráveitu sveitarfélags skal forhreinsað af mengandi efnum (s.s. fitu, próteinríku frárennslis og forgangsefnum). Leitast skal við að koma hreinu vinnsluvatni (ríkt af næringarefnum) og ofanvatni í annan farveg en fráveitu s.s. settjarnir eða endurnýtingu. Markmiðið skal vera að: <ul style="list-style-type: none"> • vernda heilsu starfsfólks sem vinnur í tengslum við safnræsi og hreinsistöðvar, • tryggja að safnræsi, skólphreinsistöðvar og tengdur búnaður verði ekki fyrir skemmdum, • tryggja að starfsemi skólphreinsistöðvarinnar og hreinsun skólps verði ekki fyrir truflunum, 	798/1999 796/1999 fylgiskjal B og C og listar I, II, III og IV í viðauka 7.gr., 26. gr. og C- liður í viðauka I.

<ul style="list-style-type: none"> • tryggja að skólp hreinsistöðva spilli umhverfinu ekki alvarlega eða komi í veg fyrir að viðtaki uppfylli aðrar kröfur reglugerðar nr. 798/1999 og • tryggja að hægt sé að farga seyru á öruggan hátt. 	
<p>1.5 Olúskiljur, sandskiljur og fituskiljur skal hreinsa með reglubundnum hætti af aðilum sem hafa starfsleyfi eða skráningu til þess að flytja úrgang til förgunar eða meðhöndlunar á móttökustað. Þess skal gætt að losa ekki fitu- og/eða olíuleysanleg efni í gildrurnar til að tryggja virkni þeirra.</p> <p>Fitu- og olúskiljur skulu uppfylla kröfur í stöðlum ÍST EN 858-1 og ÍST EN 858-2 fyrir olúskiljur og ÍST EN 1825 fyrir fituskiljur.</p>	<p>798/1999 796/1999 737/2003</p>
<p>1.6 Seyru skal tæma reglulega úr rotþróum af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi og flytja á móttökustað sem hefur starfsleyfi til förgunar og/eða meðhöndlunar seyru til endurnýtingar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.</p>	<p>799/1999</p>
<p>1.7 Iðnaðarskólp sem inniheldur lífræn efni skv. lista III í viðauka reglugerðar nr. 798/1999 og er losað í eigin fráveitu skal hreinsað með tveggja þrepa hreinsun eða sambærilegri, áður en því er veitt í viðtaka, nema heilbrigðisnefnd kveði á um annað í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp (þ.e. minni eða ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa). Um losun annarra mengandi efna gilda ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 eftir því sem við á. Leitast skal við að koma hreinu vinnsluvatni (ríkt af næringarefnum) og ofanvatni í annan farveg en fráveitu s.s. settjarnir eða endurnýtingu.</p> <p>Við útrásir þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka sem ekki njóta sérstakrar verndar má hvergi vera:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Set eða útfellingar. • Þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir). • Olía eða froða. • Sorp eða aðrir aðskotahlutir. • Efni sem valda óþægilegri lykt, lit eða gruggi. 	<p>798/1999 7. gr. og 25. gr. Fylgiskjal 1A</p> <p>796/1999 fylgiskjal B og C og listar I, II, III og IV í viðauka I.</p>
<p>1.8 Takmarka skal loftmengun frá starfsemi eins og kostur er. Loftræstingu skal þannig háttáð að hún valdi ekki ónæði eða óþrifum utanhúss eða óþægindum í nærliggjandi starfsstöðvum vegna loftmengunar eða lyktar.</p>	<p>787/1999 5., 9. og 21. gr. og rgl. nr. 941/2002 14. og 18. gr.</p>
<p>1.9 Stefnt skal að lágmarkun úrgangs hjá rekstraraðila. Rekstraraðili skal flokka og endurnýta úrgang eins og kostur er. Úrgangur sem ekki nýtist skal annaðhvort fluttur til endurnýtingar annars staðar eða til förgunar og spilliefni skal ekki geyma til langframa á umráðsvæði rekstraraðila. Sorphirslur og ílát undir úrgang sem staðsett eru</p>	<p>737/2003 og rgl. nr. 806/1999</p>

	utanhúss skulu vera lokuð og standast kröfur heilbrigðisnefndar. Spilliefnum skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.	
1.10	Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að hreinsibúnaði og úrgangi. Ávallt skulu þó slíkar ráðstafanir vera í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og lögum nr. 55/2013 um velferð dýra.	941/2002 11. gr. og rgl. nr. 737/2003 16. og 17. gr.
1.11	Ef mengunaróhapp verður, s.s. leki hættulegra efna eða slys í meðhöndlun á hráefnum eða úrgangsefnum, skal tafarlaust gera ráðstafanir til að stöðva útbreiðslu efnanna og hreinsa upp það sem þegar hefur lekið niður. Fylgja skal viðbragðsáætlun þar sem við á.	550/2018 55. gr.
1.12	Þegar um er að ræða nýbyggingu, meiriháttar breytingar eða stækkanir á húsnæði rekstraraðila þá skal gera aðstöðu til að hægt sé að taka sýni úr inn- og útrennsli í hreinsivirkjum. Ef niðurstöður mælinga sýna að mengun er yfir losunar- eða umhverfismörkum, skal gera ráðstafanir til úrbóta, t.d. að draga úr losun eða bæta hreinsibúnað. Óheimilt er að þynna fráveituvatn til að ná losunarmörkum.	798/1999 og rgl. nr. 550/2018

2. LOSUNARMÖRK OG SÝNATAKA

		Rgl.nr.
2.1	<p>Þar sem iðnaðarskólpi er veitt í fráveitu sveitarfélags skal fylgja þeim losunarmörkum sem heilbrigðisnefnd setur fyrir fráveitukerfi sveitarfélagsins (viðeigandi hreinsun, eins þreps, tveggja þrepa eða ítarleg hreinsun).</p> <ul style="list-style-type: none"> • Viðeigandi hreinsun – Fráveituvatn skal hreinsað með viðurkenndum hreinsibúnaði í samræmi við kröfur heilbrigðisnefndar til að uppfylla gæðamarkmið í fylgiskjali 1A við útrás sveitarfélags (fráveituvatn frá rekstraraðila má ekki valda því að við útrás sjáist: Set eða útfellingar, þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir), olía eða froða, sorp eða aðrir aðskotahlutir eða efni sem valda óþægilegri lykt, lit eða gruggi. • Eins þreps hreinsun – hreinsun þar sem BOD₅-gildi skólps er lækkað um að minnsta kosti 20% áður en það er losað og heildarmagn svifagna í skólpi er lækkað um að minnsta kosti 50%. 	798/1999 3.14. gr. Fylgiskjal 1A 3.14. gr. Tafla 1 í viðauka I. Tafla 2 í viðauka I.

	<ul style="list-style-type: none"> • Tveggja þrepa hreinsun – hreinsun þar sem BOD₅ er lækkað um 70-90% og COD um 75% áður en skólp er losað í viðtaka. • Ítarleg hreinsun – þar sem fram fer tveggja þrepa hreinsun og að auki skal heildarstyrkur fosfórs lækkaður um 80% og köfnunarefnis um 70-80%. 	
2.2	<p>Losunarmörk fyrir iðnaðarskólp sem er veitt í eigin fráveitu fara eftir kröfum reglugerðar um fráveitur og skólp um hreinsun á skólpi. Losunarmörk fara eftir viðtaka sem skólp er losað í og magni skólps.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Viðeigandi hreinsun – hreinsa skal skólp þannig að gæðamarkmið í fylgiskjali 1A sé náð. Við útrásir þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka sem ekki njóta sérstakrar verndar má hvergi vera: Set eða útfellingar, þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir), olía eða froða, sorp eða aðrir aðskotahlutir eða efni sem valda óþægilegri lykt, lit eða gruggi. • Eins þreps hreinsun – hreinsun þar sem BOD₅-gildi skólps er lækkað um að minnsta kosti 20% áður en það er losað og heildarmagn svifagna í skólpi er lækkað um að minnsta kosti 50%. • Tveggja þrepa hreinsun – hreinsun þar sem BOD₅ er lækkað um 70-90% og COD um 75% áður en skólp er losað í viðtaka. • Ítarleg hreinsun – þar sem fram fer tveggja þrepa hreinsun og að auki skal heildarstyrkur fosfórs lækkaður um 80% og köfnunarefnis um 70-80%. 	<p>798/1999</p> <p>Fylgiskjal 1A</p> <p>3.14. gr.</p> <p>Tafla 1 í viðauka I. Tafla 2 í viðauka I.</p>
2.3	<p>Ef vart verður við að mengun sé yfir umhverfismörkum eða ef önnur óæskileg mengunaráhrif vegna starfseminnar koma í ljós, skal rekstraraðili, í samráði við heilbrigðisnefnd, gera ráðstafanir til úrbóta t.d. að draga úr losun eða bæta hreinsibúnað.</p>	550/2018
2.4	<p>Rekstraraðili skal mæla sýrustig (pH) og hitastig (°C) í fráveituvatni frá hreinsibúnaði. Heilbrigðisnefnd áskilur sér rétt til að láta framkvæma frekari mælingar og getur gert kröfu um síritandi/rauntíma mælingar á þessum þáttum. Niðurstöður skulu aðgengilegar eftirlitsaðila í rauntíma.</p> <p>Rekstraraðili skal senda niðurstöður mælinga til heilbrigðisnefndar</p>	

3. INNRA EFTIRLIT

		Rgl.nr.
3.1	<p>Rekstraraðili skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Jafnóðum skal skrá og geyma upplýsingar um:</p> <p>a) Úttektir, prófanir, bilanir og viðhald á mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. hreinsun á skiljum, síum, skorsteinum og loftrásum.</p>	<p>550/2018</p> <p>8. og 57. gr</p>

<p>b) Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.</p> <p>c) Meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. magn og gerð.</p> <p>d) Innkaup á efnum sem geta orðið að spilliefnum, magn (kg, L) og gerð.</p> <p>e) Magn (kg, L) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila, ennfremur nafn flutningsaðila og móttökustöðvar.</p> <p>f) Vatns- og raforkunotkun.</p> <p>g) Kvartanir og athugasemdir sem berast vegna starfseminnar</p>	
--	--

Starfsskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun hafs, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Starfsskilyrði fyrir bifreiða og vélaverkstæði

Samræmd starfsskilyrði vegna mengunarvarna, skv. 5 gr. reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum.

Rekstraraðila ber ávallt að uppfylla skilyrði þessi og almenn starfsskilyrði fyrir mengandi starfsemi. Einnig skal tryggja að starfsemi hans sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settar samkvæmt þeim.

1. UMGENGI Á LÓÐ

	Rgl.nr.
1.1 Óheimilt er að geyma lausamuni, s.s. bílflök, bílhuta og annan úrgang á lóðum þannig að snúi að almannaferi, valdi fok- eða slyshættu eða hættu á mengun í jarðvegi.	737/2003 941/2002 14. gr.
1.2 Bifreiðum, tækjum og öðrum munum sem bíða viðgerðar, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila. Geymslusvæði á lóð skal skerma af þar sem við á.	737/2003 16. og 18. gr.

2. FRÁVEITA

	Rgl.nr.
2.1 Hafa skal olúskilju á fráveitulögn frá niðurföllum þar sem vinna með olíur fer fram. Stærð, gerð og staðsetning skilju skal vera í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um olúskiljur. Senda skal upplýsingar um olúskiljur til heilbrigðisnefndar til yfirferðar og samþykkis. Heilbrigðisnefnd getur samþykkt aðra tilhögun en olúskilju sem hindrar að olía berist í frárennsli.	798/1999 5. gr. 884/2017 51. gr.
2.2 Halda skal notkun olúhreinsiefna í lágmarki. Til hreinsunar á gólfum skal nota umhverfisvæn sápu efni og/eða olúhreinsa sem hæfa olúskiljunni. Óheimilt er að nota efni sem innihalda lífræn leysiefni.	798/1999 5. gr.
2.3 Olúskilja skal skoðuð reglulega og ekki sjaldnar en á sex mánaða fresti. Olúskilja skal tæmd eftir þörfum og skal láta aðila með leyfi til flutnings spilliefna sjá um tæmingu.	798/1999 5. gr. 884/2017 gr. 51.
2.4 Þar sem hætta er á að fljótandi efnavara, olíur eða olúefni fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar, s.s. blautsugu, olúmottur, tvist, sag eða annan ísogsbúnað.	884/2017 63.gr. 798/1998 5. gr.

2.5	Pvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olúskilju.	798/1999 5. gr. 884/2017
2.6	Staðsetja skal ílát undir olúefni, þ.m.t. úrgangsolú, í þróm eða lekabyttum innandyrna eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olúefni eru geymd utandyra skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðisnefnd samþykkir. Eftir atvikum getur heilbrigðisnefnd gert kröfu um árekstrarvarnir við skýli utandyra.	43. gr., 50 gr. 809/1999 7. gr.

3. SPILLIEFNI OG ANNAR ÚRGANGUR

		Rgl.nr.
3.1	Olúsíur og úrgangsolía teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku með starfsleyfi. Pressuðum olúsíum má skila með málmúrgangi.	1040/2016 og rgl. nr. 806/1999
3.2	Hjá rekstraradilum þar sem olíuúrgangur fellur til er skylt að tryggja að hann sé geymdur á viðeigandi hátt og merktur sem úrgangsolía. Úrgangsolíugeymar utandyra skulu vera með lekavörn. Árekstrarvarnir skulu vera við slíka geyma.	884/2017 809/1999 7.gr. rgl. nr. 1040/2016 806/1999 8.gr.
3.3	Olíumenguðum jarðvegi ber að koma til viðurkenndra móttökuaðila.	1400/2020
3.4	Rafgeymar og rafhlöður teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndra móttökuaðila. Meðhöndlun og öll geymsla, þ.m.t. bráðabirgðageymsla skal fara fram á stöðum með ógegndræpu yfirborði og undir viðeigandi yfirbreiðslu sem er vind- og vatnsheld, í lokuðum og vökvaheldum spilliefnakörum eða í viðeigandi gámum.	1040/2016 og rgl. nr. 806/1999 rgl. nr. 1020/2011
3.5	Blý, t.d. í jafnvægislóðum, er spilliefni og skal skilað til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.	737/2003 og rgl. nr. 806/1999

Starfsskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.

Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur

Samræmd starfsskilyrði vegna mengunarvarna, skv. 5. gr. reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022 og 8. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rekstraraðila ber ávallt að uppfylla skilyrði þessi og ef við á sértæk starfsskilyrði. Einnig skal tryggja að starfsemi hans sé í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settar samkvæmt þeim.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.
1.1	Starfsskilyrði þessi eru almenn fyrir mengandi skráningarskyldan atvinnurekstur sbr. viðauka reglugerðar nr. 830/2022.	830/2022
1.2	Staðfest skráning ásamt starfsskilyrðum skulu vera sýnileg viðskiptavinum á starfsstöð.	830/2022, 6. gr.
1.3	Rekstraraðili skráningarskylds atvinnurekstrar ber ábyrgð á því að starfsemi hans sé skráð, að skráðar upplýsingar um starfsemina séu réttar og að starfsemin sé í samræmi við gildandi löggjöf, almennar kröfur og starfsskilyrði. Óheimilt er að hefja skráningarskylda starfsemi fyrir en skráningargjald hefur verið greitt og rekstraraðili fengið senda staðfestingu á skráningu.	830/2022
1.4	Starfsemin gildir aðeins í því húsnæði eða aðstöðu sem tilgreint er í skráningunni. Starfsemin skal vera í samræmi við samþykktu notkun húsnæðis eða aðstöðu.	830/2022, 4. gr.
1.5	Atvinnurekstur skal vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Sé deiliskipulag ekki til staðar skal starfsemin samræmast gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðapróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.	550/2018, 6. gr.
1.6	Rekstraraðila ber að skrá upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á skráningarskyldri starfsemi með hæfilegum fyrirvara á vefsetrinu island.is. Óheimilt er að gera breytingar á starfsemi fyrir en rekstraraðili hefur greitt breytingargjald og fengið senda staðfestingu um breytta skráningu.	830/2022, 7. gr.

2. STARFSHÆTTIR

	Rgl.nr.
2.1 Rekstraraðili skal beita góðum starfsháttum við rekstur starfseminnar. Á öllu athafnasvæði rekstraraðila skal gæta fyllsta hreinlætis í samræmi við kröfur eftirlitsaðila.	737/2003
2.2 Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum, og innra eftirliti. Tilkynna skal heilbrigðisnefnd ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðsupplýsingum.	830/2022
2.3 Starfsmenn skulu vera þjálfaðir til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað sem gerir þá hæfa til vinnu í starfsstöðinni. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað.	550/2018
2.4 Rekstraraðili skal eftir atvikum vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.b. í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.	lög nr. 33/2004
2.5 Rekstraraðili sem flytur olú, eiturefni eða hættuleg efni eða stundar atvinnustarfsemi sem talin er upp í a-lið viðauka I laga nr. 33/2004 skulu taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, sem jafngildir allt að 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004.	lög nr. 33/2004
2.6 Verði óhapp eða annað atvik sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða fyrir umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.	550/2018
2.7 Ef mengunaróhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við Neyðarlínuna 112. Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið. Eftirlitsaðila er heimilt, ef þörf er á, að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt óhapp eða atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.	550/2018

3. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

		Rgl.nr.
3.1	<p>Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu og þar skulu ekki vera hlutir eða efni sem ekki tilheyra starfseminni. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota. Bifreiðum tækjum, lausamunum, úrgangi eða öðru sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila þannig að ekki valdi mengunar-, fok-, eða slyshættu. Rekstraraðili skal sýna ýtrustu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Allt athafnasvæðið eða tiltekinn hluti þess skal lagt bundnu slitlagi leiði niðurstöður eftirlits í ljós að þörf sé á því til að lágmarka rykmyndun frá svæðinu eða aðra mengun.</p> <p>Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa, viðgerða eða hreinsunar vegna vanhírðu og óþrifa eða heilsuspillandi aðstæðna í húsi, á lóð eða í farartæki. Óviðkomandi aðgangur að vinnusvæði, geymslu hráefna og framleiðsluvöru skal vera takmarkaður og aðgangur óviðkomandi bannaður.</p>	737/2003 16. og 18. gr., sbr. rgl. 550/2018
3.2	Sorpgámar og önnur ílát fyrir úrgang skulu vera lokuð og standast kröfur heilbrigðisnefndar.	737/2003 og rgl. nr. 806/1999
3.3	Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að hreinsibúnaði og úrgangi. Ávallt skulu þó slíkar ráðstafanir vera í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og lögum nr. 55/2013 um velferð dýra.	941/2002, nr. 737/2003, lög nr. 64/1994 og nr. 55/2013.
3.4	Afla ber samþykkis heilbrigðisnefndar fyrir staðsetningu olúgeyma.	884/2017, 6. gr.

4. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.
4.1	Takmarka skal hávaða frá starfseminni. Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða. Þess skal gætt að hávaði frá starfseminni valdi ekki ónæði eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.	724/2008
4.2	Halda skal loftmengun í lágmarki og viðhalda þeim gæðum sem felast í hreinu og ómengudu lofti. Loftræstingu skal þannig háttáð að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Að jafnaði skal loftræsing leidd upp fyrir þakbrún frá mengunaruppsprettum. Komi upp vandamál vegna lyktar, mengandi efna eða hávaða frá útblæstri er	724/2008, rgl. nr. 550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.

<p>heilbrigðiseftirlitinu heimilt að krefjast úrbóta s.s. breytinga á útrásum, hreinsunarbúnaði eða hávaðavörnum.</p>	
<p>4.3 Allt vatn skal vera í að minnsta kosti góðu ástandi og skulu vatnshlot ná umhverfismarkmiðum sínum samkvæmt vatnaáætlun. Koma skal í veg fyrir að mengandi efni séu losuð út í vatn og umhverfi. Tryggja skal að umhverfismörk fyrir ástand vatns skv. fylgiskjali B og C og listar I, II, III og IV í viðauka I í reglugerðar um varnir gegn mengun vatns séu uppfyllt.</p>	<p>Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, rgl. nr. 796/1999.</p>
<p>4.4 Iðnaðarskólp sem losað er í fráveitu sveitarfélags skal forhreinsað af mengandi efnum. Markmiðið skal vera að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • vernda heilsu starfsfólks sem vinnur í tengslum við safnræsi og hreinsistöðvar, • tryggja að safnræsi, skólphreinsistöðvar og tengdur búnaður verði ekki fyrir skemmdum, • tryggja að starfsemi skólphreinsistöðvarinnar og hreinsun skólps verði ekki fyrir truflunum, • tryggja að skólp hreinsistöðva spilli umhverfinu ekki alvarlega eða komi í veg fyrir að viðtaki uppfylli aðrar kröfur reglugerðar nr. 796/1999 og • tryggja að hægt sé að farga seyru á öruggan hátt. <p>Leitast skal við að koma ofanvatni í annan farveg en fráveitu.</p>	<p>798/1999 gr. 26 og C-liður I-viðauki. 796/1999 fylgiskjal B og C og listar I, II, III og IV í viðauka I.</p>
<p>4.5 Iðnaðarskólp sem inniheldur lífræn efni skv. lista III í viðauka reglugerðar nr. 798/1999 og er losað í eigin fráveitu skal hreinsað með tveggja þrepa hreinsun eða sambærilegri, áður en því er veitt í viðtaka. Nema heilbrigðisnefnd kveði á um annað í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp (þ.e. minni eða ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa). Annar atvinnurekstur skal fara eftir öðrum reglugerðum sem gilda um losun efna tiltekinna efna í vatn.</p> <p>Við útrásir þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka sem ekki njóta sérstakrar verndar má hvergi vera:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Set eða útfellingar. • Þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir). • Olía eða froða. • Sorp eða aðrir aðskotahlutir. • Efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi. <p>Leitast skal við að koma ofanvatni í annan farveg en fráveitu.</p>	<p>798/1999 7. gr. og 25. gr. 796/1999 fylgiskjal B og C og listar I, II, III og IV í viðauka I. Fylgiskjal 1A</p>
<p>4.6 Upplýsingar um legu og fyrirkomulag frárennislagna séu tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennslisli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni.</p>	<p>798/1999</p>

4.7	Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni.	415/2014 og lög nr. 61/2013
4.8	Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olúbirgðum, olúúrgangi og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Sé olía meðhöndluð skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olúmengun frá starfsemi á landi.	884/2017
4.9	Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.	888/2015 og lög nr. 61/2003
4.10	Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á olíu og olúefnum, varúðar- og hættumerktum efnum og spilliefnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera aðgengileg og hún yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Starfsmenn skulu fá reglulega kennslu og þjálfun í viðbrögðum við mengunaróhöppum.	884/2017
4.11	Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir. Rekstraraðili skal þegar í stað grípa til nauðsynlegra varnarráðstafana vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans. Ef umhverfistjón verður skal rekstraraðili þegar í stað hefja aðgerðir til að takmarka tjón eða afstýra frekara tjóni. Rekstraraðili skal þegar í stað tilkynna Umhverfisstofnun og viðeigandi heilbrigðisnefnd um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans og upplýsa um alla þætti sem máli skipta. Jafnframt skal rekstraraðili setja fram og senda Umhverfisstofnun áætlun um úrbætur vegna umhverfistjóns sem þegar er orðið.	Lög nr. 55/2012

5. SPILLIEFNI OG ÚRGANGUR

		Rgl.nr.
5.1	Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.	737/2003
5.2	Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfissvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.	806/1999, rgl. nr. 737/2003

5.3	<p>Óheimilt er að láta hvers kyns olíur, bensín, lífræn leysiefni eða önnur mengandi efni í fráveitur atvinnuhúsnæðis. Með slíkan úrgang fer samkvæmt reglugerð um spilliefni.</p> <p>Þar sem olía er notuð skulu vera tiltæk ísogsefni til að hreinsa upp tilfallandi olíuleka. Stærri ílát undir olíuefni (> 50 lítrar) skulu standa í lekabyttu.</p>	798/1999 5. gr. og rgl. nr. 884/2017
5.4	<p>Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnum skal skilað til viðurkenndar söfnunar- eða móttökustöðvar. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.</p>	806/1999
5.5	<p>Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð og traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.</p>	806/1999
5.6	<p>Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til söfnunar, móttöku eða flutnings spilliefna.</p>	806/1999
5.7	<p>Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila, söfnunar- eða móttökustöðvar skal hann fá staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, uppruna spilliefna, gerð þeirra, og áfangastað ásamt upplýsingum um magn (kg, l) og dagsetningu. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit.</p>	806/1999 11. gr.
5.8	<p>Stefnt skal að fullnýtingu hráefna og með hreinni framleiðslutækni skal stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er. Hreinsað skólp skal endurnýtt ef kostur er.</p>	798/1999 7. gr.

6. EFTIRLIT

		Rgl.nr.
6.1	Heilbrigðisnefnd fer með eftirlit með skráningarskyldum atvinnurekstri, þ. á m. að starfsemi sé rétt skráð	830/2022
6.2	Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsskilyrða, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur. Heilbrigðisnefnd skal upplýsa Umhverfisstofnun um frávík þar sem til álita kemur að beita stjórnvaldssektum, sbr. XIX. kafla laganna. Vakin er athygli á að viðkomandi heilbrigðisnefnd getur í eftirliti þurft að setja fram kröfur sem ekki koma fram í skilyrðum hér að framan.	550/2018, 830/2022 og lög nr. 7/1998

7. LOKUN OG FRÁGANGUR

		Rgl.nr.
7.1	Rekstraraðili skal afskrá starfsemi sína á vefsetrinu island.is þegar starfsemi er hætt. Hafi rekstraraðili ekki afskráð starfsemi sína og starfsemin er sannarlega ekki lengur starfandi eða ef starfsemi fellur ekki lengur undir skilyrði um skráningarskylda starfsemi er hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd heimilt að afskrá starfsemina þegar lögbundinni málsmeðferð er lokið.	830/2022
7.2	Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal heilbrigðisnefnd með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.	550/2018, rgl. nr. 737/2003, rgl. nr. 1400/2020
7.3	Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við heilbrigðisnefnd.	550/2018, rgl. nr. 737/2003, rgl. nr. 1400/2020

Starfsskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og

efnablandna, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg og reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.